



Fundargerð

527. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 29. janúar 2026.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 10:00.

Oddviti óskaði eftir að staðfestingu á stofnframlagi vegna hugsanlegra framkvæmda hjá Brák íbúðarfélagi yrði bætt á dagskrá og yrði dagskráliður númer 19.

Var tillaga oddvita samþykkt í einu hljóði.

Fundargerðir:

1. 2601001F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 12

Lögð fram fundargerð 12. fundar skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps frá 26. janúar 2026.

1.1 2601005 - Deiliskipulag í landi Kirkjubæjar 2

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 12

Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps, samþykkir heimild til handa landeiganda með en mælist til þess að svæðið VP3 verði deiliskipulagt í heild sinn, þ.e. 9,8 ha. verði skipulagðir, sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar um afmörkun deiliskipulags.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

1.2 2601004 - Óveruleg breyting á aðal- og deiliskipulagi. Botnar frístundabyggð F7

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 12

Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps, hefur farið yfir framlagðar breytingartillögur og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja þær skv. 2. mgr. 36. gr og 2. mgr. 43. gr. Skipulagslaga, en með þeirri breytingu að ekki verði sett inn í deiliskipulagsskilmála heimild fyrir lausamunum á lóðum til lengri eða skemmri tíma. Fallið er frá grenndarkynningu deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem samþykki landeiganda liggur fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

BHS
Sveitarstjóri
1696
JF



1.3 2511022 - Landeldi lóða umsókn

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 12

Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps, samþykkir að úthluta lóðinni á Reit C, Stjórnarsandi og vísar málinu til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

1.4 2511020 - Breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043, Alviðruharmar - nýtt hafnarsvæði

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 12

Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps, hefur farið yfir framlagða skipulagslýsingu og leggur til við sveitarstjórn að kynna skipulagslýsinguna og senda til umsagnar, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

2. 2601007 - Fjallskilanefnd Landbrots- og Mið afréttar

Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Landbrots- og Mið afréttar frá 4. janúar 2026, ásamt uppgjöri ársins 2025. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. 2601006 - Fjallskilanefnd Austursíðu afréttar

Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Austursíðu afréttar frá 15. janúar 2026, ásamt uppgjöri ársins 2025. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. 2601012 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 630. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 7. nóvember 2025. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. 2601011 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 631. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 5. desember 2025. Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók fyrir með rafrænum hætti, lið 4. í fundargerðinni, vegna breytinga á umgjörð og rekstri SOS sem þarfnast aðkomu SASS.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti í einu hljóði, fyrir sitt leyti aðkomu SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög. Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS
Svið
H
1697
GG



6. 2601013 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Lögð fram fundargerð 632. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 9. janúar 2026. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
7. 2601008 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
Lögð fram fundargerð 87. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, frá 8. desember 2025. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

Auður Guðbjörnsdóttir, tók ekki þátt í afgreiðslu á dagskrálið 8.

8. 2601003 - Björgunarsveitin Stjarnan
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti í einu hljóði á milli funda sinna að gefa Björgunarsveitinni Stjörnunni 250.000 krónur, vegna 50 ára afmælis sveitarinnar. Er það ósk sveitarstjórnarinnar að þessir fjármunir verði notaðir til tækja-og eða búnaðarkaupa sem nýtast sveitinni sem best. Styrkurinn er tekinn af lið 0789/9921.
9. 2601018 - Bókun sveitarstjórnar Skaftárhrepps um breytingu á landnotkun.
Oddviti gerði grein fyrir málinu og lagði fram eftirfarandi bókun:
Bókun sveitarstjórnar Skaftárhrepps um breytingu á landnotkun skv. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 Í samræmi við 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 tekur sveitarstjórn Skaftárhrepps eftirfarandi afstöðu vegna breytingar á landnotkun á hluta jarðarinnar Snæbýli (VÞ29), þar sem fyrirhuguð er breyting úr landbúnaðarlandi yfir í verslunar- og þjónustusvæði vegna ferðaþjónustu.
a) Um stærð lands og staðsetningu með tilliti til nýtingaráforma:
Landið sem lagt er til að verði tekið úr landbúnaðarnotum er ekki stærra en nauðsynlegt er miðað við fyrirhuguð áform, sem fela í sér takmarkað byggingarmagn fyrir smáhýsi og tengda þjónustu (aukning úr 750 m² í 912 m²). Um er að ræða vel afmarkað svæði innan 44,7 ha landareignar, þar sem framkvæmdir eru bundnar við afmarkaða reiti. Samkvæmt flokkun Lands og skóga er svæðið í III. flokki ræktunarhæfis, sem telst sæmilegt ræktunarland. Svæðið hefur hvorki verið nýtt til jarðræktar né eru fyrirbyggjandi forsendur um að það henti til slíkra nota í framtíðinni. Í ljósi þessa og góðs aðgengis að svæðinu, sem er vel staðsett í samhengi við aðra ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, eru ekki taldir vera raunhæfir valkostir um aðra staðsetningu á landi sem hentar síður til landbúnaðar.



b) Um áhrif breyttrar landnotkunar á aðliggjandi landbúnaðarsvæði: Breytingin hefur ekki neikvæð áhrif á aðliggjandi landbúnaðarsvæði. Svæðið er eðlilega afmarkað og í hæfilegri fjarlægð frá ræktuðu landi eða starfandi búrekstri. Fyrirhuguð nýting raskar ekki hefðbundnum landbúnaði í nágrenni, hvorki með tilliti til hávaða, mengunar né annarra umhverfislegra áhrifa. Jafnframt eru engin atriði í tillögunni sem útiloka framtíðarbúrekstur eða mögulega endurnotkun svæðisins til landbúnaðar, ef skilyrði breytast. Tillagan er því hófstíllt, byggð á skýrum markmiðum og samræmist lögbundnu mati samkvæmt jarðalögum.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að framangreind breyting á landnotkun úr landbúnaði í þjónustusvæði sé í samræmi við 5. gr. jarðalaga og felur ekki í sér óásættanlega skerðingu á ræktunarhæfu landi né óæskileg áhrif á aðliggjandi búrekstur.

10. 2601020 - Leikskóladeild

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Vegna mistaka við afgreiðslu á gjaldskrá leikskóla þann 27. nóvember síðast liðinn, lagði sveitarstjóri fram uppfærða gjaldskrá fyrir leikskóladeild. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að leikskólinn verði opinn frá klukkan 07:45 til 16:15 og að foreldrum og forráðamönnum verði boðið upp á allt að 40 tíma vistun á viku. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði framlagða gjaldskrá fyrir leikskóladeild og er sveitarstjóra falið að uppfæra gjaldskrá skv. umræðu á fundinum.

11. 2601021 - Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps

Lagt fram bréf dagsett 15. desember 2025 frá Kvenfélagi Kirkjubæjarhrepps. Oddviti gerði grein fyrir málinu. Oddviti lagði til að Kvenfélaginu væri boðið geymslupláss í húsnæði sveitarfélagsins að Túngötu 1 þangað til framkvæmdum við Félagsheimilið Kirkjuhvol væri lokið. Oddvita falið að vinna málið áfram og ræða við þau félög sem fram koma í bréfi kvenfélagsins.

12. 2601019 - Trúnaðarmál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og niðurstaðan færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

BHS
Síð
Gö
85
1699



13. 2601010 - Náttúruverndarstofnun

Oddviti lagði fram viljayfirlýsingu um samstarf Skaftárhrepps og Vatnajökulsþjóðgarðs. Markmið samstarfsins eru meðal annars eftirfarandi: Að auka aðgengi íbúa og gesta að fræðslu, upplýsingamiðlun og viðburðahaldi í Skaftárstofu og styrkja þannig hlutverk hennar fyrir nærumhverfið. Að efla samstarf um vernd náttúru og menningarminja í Skaftárhreppi. Að samræma og efla miðlun þekkingar milli aðila. Að styrkja tengsl milli samfélags og náttúru og auka möguleika í ferðaþjónustu.

14. 2601016 - Farsældarráð á Suðurlandi

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkti í einu hljóði að Elísabet Gunnarsdóttir, skólastjóri, yrði aðalfulltrúi og Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur, yrði varafulltrúi Skaftárhrepps í Farsældarráði Suðurlands.

15. 2601009 - Samkeppniseftirlitið

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, Lagt fram bréf frá Samkeppniseftirlitinu, dagsett 17. desember 2025, vegna rannsóknar á Terru umhverfisþjónustu hf. og Kubbi ehf. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins að svara erindinu.

Gunnar Pétur Sigmarsson, vék af fundi undir þessum lið.

16. 2601001 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

Lögð fram umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-D gistiskáli. Heiti staðar er Fox Hostel, Hrífunesi lóð C. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

17. 2601014 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lögð fram umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi fyrir þorablót í Tunguseli þann 14. febrúar 2026. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

BHS
Sveitarstjóri
1700
GS PS.



18. 2601015 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi fyrir þorrablót á Kirkjubæjarklaustri, þann 31. janúar 2026. Sveitarstjórn samþykkti í einu hljóði á milli funda sinna, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

19. 2601022 - Brák Íbúðafélag

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði með samþykkt þessari formlega veitingu stofnframlags til nýbyggingar verkefnis Brákar íbúðafélags hses. við Skriðuvelli 2-6. Stofnvirði verkefnisins er kr. 186.624.800,-. Hluttur sveitarfélagsins er 12% stofnframlag sem sveitarfélagið getur lagt fram í formi gatnagerðargjalda, lóðaverðs og byggingaleyfisgjalda. Er sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.


Fundargerð yfirlesin,
fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 13:34.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson